

Nr. 115

20. janúar 2014

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Rauðhólahverfis í landi Snæfoksstaða.*

Í breytingunni felst að lóð nr. 99 í Rauðhólahverfi í landi Snæfoksstaða breytist í íbúðarhúsalóð í stað frístundahúsalóðar auk þess sem stærð hennar breytist úr 10.585 m^2 í 10.305 m^2 .

Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2013.

2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Ásgarðs, Borgarbrún 12.*

Í breytingunni felst að aðkoma að lóðinni Borgarbrún 12 færist og verður í gegnum lóðina Giljartungu 33.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatn, 20. janúar 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Ánessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2014